
HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?

Dómkirkjan

Marteinn Hunger leikur á orgel kirkjunnar





Á MORGUN, sunnudag, kl. 18.00 leikur Marteinn Hunger Friðriksson á orgel Dómkirkjunnar í Reykjavík. Á efnisskrá eru verk eftir Jón Þórarinsson, Bach og Reger. Aðgangur er ókeypis.

Eden

Áttunda einkasýning Gunnars Halldórs

GUNNAR HALLDÓR Sigurjónsson heldur málverkasýningu í Eden í Hveragerði dagana 21. til 31. júlí. Er þetta önnur sýning Gunnars Halldórs í Eden, en áttunda einkasýning hans, auk þess sem hann hefur tekið þátt í samsýningum. Myndirnar eru málaðar með akrýl- og olíulitum og eru allar til sölu.





Á HÓTEL BORG í kvöld kl. 22 verður síðasta sýning á Flugkabarett á vegum Júlíleikhússins. Á myndinni er einn leikaranna, Edda Björgvinsdóttir, stödd á Lækjartorgi við kynningu á kabarettinum.

Óðal feðranna

Sýningum í Reykjavík fer að ljúka



UM ÞESSA helgi lýkur sýningum á myndinni Óðal feðranna hér í Reykjavík og fer myndin til sýningar um landsbyggðina. Alls munu um 46 þúsund manns hafa séð myndina í kvikmyndahúsum borgarinnar til þessa og lætur nær, að annar hver íbúi Reykjavíkur hafi séð myndina.

Kjarvalsstaðir

Yfirlitssýningu á verkum Gerðar og Kristínar að ljúka

UM ÞESSA helgi lýkur yfirlitssýningu á verkum Kristínar Jónsdóttur og Gerðar Helgadóttur á Kjarvalsstöðum. Sýningin er opin í dag og á morgun frá kl. 14 til 22. Alls munu um 14 þúsund manns hafa séð sýninguna til þessa, en hún var sett upp í tilefni Listahátíðar, en er jafnframt sumarsýning hússins.




Suðurgata 7

Myndir málaðar í Hollandi

Í GALLERÍ Suðurgata 7 stendur nú yfir sýning á verkum Magnúsar Valdimarssonar, sem flest hafa orðið til í Hollandi á síðastliðnum vetri. Sýningin er opin virka daga frá kl. 18.00 til 22.00 og um helgar frá kl. 16 til 22. Sýningunni lýkur 1. ágúst næstkomandi.

Light Nights

Bjartar nætur á Fríkirkjuveginum



FERÐALEIKHÚSIÐ heldur áfram sýningum á „Light Nights" að Fríkirkjuvegi 11. Sýningar eru fjórar í viku fram til 31. ágúst , það er á fimmtudags-, föstudags-, laugardags-, og sunnudagskvöldum, og hefjast þær kl. 21.00. Sýningar þessar eru einkum ætlaðar enskumælandi ferðamönnum.

Tíunda Sumargleðin

SUMARGLEÐI Ragga Bjarna hefur undanfarnar vikur verið á ferð um landið og komið víða við. Þetta er í 10. sinn sem Ragnar safnar liði og fer um landið undir nafninu Sumargleðin og er í tilefni af því sérstaklega vandað til hlutanna, að sögn.



Ómar Ragnarsson,Bessi Bjarnason, Magnús Ólafsson og Þorgeir Ástvaldsson halda ásamt hljómsveitinni tveggja tíma skemmtun áður en dansleikur hefst.

Skemmtunin að Hvoli, í kvöld hefst kl. 21 og á morgun verður svo Sumargleðin að Kirkjubæjarklaustri.